

Ed.

251. Nefndarátt

um frumvarp til laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um það, að hin mesta nauðsyn sje á því, að hinn fyrirhugaði mótorskóli taki til starfa sem allra fyrst, og telur hún vist, að frv.

Þetta, verði það að lögum, geli hert á framkvæmd þess máls, án þess þó að gera á nokkurn hátt of örðugt að fá mótorista á skipin, þar til lögin eiga að ná sinu fulla gildi, sbr. 7. gr.

Eftir tillögum skólastjórans við vjelstjóraskólann í Reykjavík leggur nefndin til, að ákvæðin í 2. gr. nái til vjelgæslu á skipum með alt að 12 hest-
afla vjelum, og að 3. og 6. gr. breytist eftir þessu.

Netndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað »10« komi: 12.
2. Við 3. gr. Í stað »10« komi: 12.
3. Við 6. gr. Í stað »10« komi: 12.

Alþingi, 31. mars 1923.

Karl Einarsson,
form. og framsögum.

Björn Kristjánsson.

Jónas Jónsson,
fundaskrifari.